

**3550. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 7. desember 2023 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bærstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2310307 - Höfði fjárhagsáætlun 2024 - 2027

Fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2024 og þriggja ára áætluna vegna tímabilsins 2025 - 2027.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárliði sem og undir liðum nr. 2 og nr. 3.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025 til og með 2027 til síðari umræðu í bærstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 12. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

2. 2309268 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2024 - 2027

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2024 og vegna tímabilsins 2025 - 2027.

Sigurður Páll Harðarson situr fundir undir þessum dagskrárliði sem og undir dagskrárliði nr. 3.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025 til og með 2027 til síðari umræðu í bærstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 12. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

3. 2306146 - Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2025-2027

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar vegna ársins 2024 og vegna tímabilsins 2025 - 2027.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2024 og þriggja ára áætlun vegna árána 2025 til og með 2027 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til síðari umræðu í bærstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 12. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga og Sigurður Páll víkja af fundi.

4. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Stýrihópur um stefnumótun Akraneskaupstaðar hefur lagt fram lokaafurð sem fyrirhugað er að taka til umræðu og e.a. afgreiðslu á bæjarstjórnarfundi þann 12. desember nk.

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.